

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Vísað er í frumvarp til laga um afnám laga um Tækniháskóla Íslands, 398. mál. Frumvarpið er lagt fram í tilefni af fyrirhuguðum samruna Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands.


Í þessari umsögn gerir Háskólinn á Akureyri ekki athugasemdir við samruna þessara skóla. Íslenskir háskólar eru fámennar stofnanir á alþjóðlegan mælikvarða og því er eðlilegt að leita leiða til að auka styrk þeirra með því að sameina krafta þeirra ef fagleg og fjárhagsleg rök mæla með því.

Vakin er athygli á því mikilvæga starfi sem Tækniháskólinn (áður Tækniskólinn) hefur gegnt við uppbyggingu verk- og tæknimenntunar á háskólastigi hér á landi á undanförunum áratugum. Mikilvægt er að stjórnvöld skapi skilyrði til þess að það starf verði eftt enn frekar í hinni nýju stofnun.

Stefna stjórnvalda hefur verið að innheimta ekki skólagjöld í grunnnámi á háskólastigi hér á landi. Í framkvæmd hafa hins vegar verið nokkrar undantekningar á þessari stefnu. Þannig hafa stjórnvöld heimilað einkaháskólum, m.a. Háskólanum í Reykjavík og Viðskiptaháskólanum Bifröst, að innheimta skólagjöld meðan opinberir háskólar hafa ekki þessa heimild. Með sameiningu Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands má gera ráð fyrir að þeim nemendum í grunnnámi á háskólastigi sem þurfa að greiða skólagjöld fjölgi mikið. Verði frumvarpið samþykkt standa stjórnvöld frammi fyrir því að þurfa að endurskoða stefnu um skólagjöld á háskólastigi. Sú mismunun að heimila sumum háskólum að innheimta skólagjöld og öðrum ekki er óviðunandi og ógnar stöðu opinberra háskóla hér á landi gagnvart erlendum háskólum.

Í athugasemdum við frumvarpið er boðað að hinn nýi skóli verði rekinn sem einkahlutafélag. Um nýmæli er að ræða hér á landi sem löggjafinn þarf að skoða nánar. Engin trygging er fyrir því að háskólakennarar sem ráðnir eru að einkahlutafélagi búi við akademískt frelsi sem er einn af hornsteinum háskólastarfsemi í hinum vestræna heimi. Svo dæmi sé tekið þá er akademískt frelsi háskólakennara stjórnarskrárvárin réttur í Bandaríkjunum. Eðlilegra væri því að gera ráð fyrir að hinn nýi skóli yrði rekinn sem sjálfseignarstofnun enda er löng hefð fyrir því að hægt sé að vernda og viðhalda akademísku frelsi háskólakennara, þó að það sé að sjálfsögðu ekki sjálfsgefið, innan háskóla sem eru reknir á þann hátt.

Virðingarfyllst,

  
Þorsteinn Gunnarsson, rektor